Símat í áfanganum er betra en próf	Haustönn	Vorönn
Mjög sammála	46 (51%)	44 (73%)
Frekar sammála	24 (26%)	8 (13%)
Hvorki ósammála né sammála	18 (20%)	6 (10%)
Frekar ósammála	1 (1%)	1 (2%)
Mjög ósammála	2 (2%)	1 (2%)

Ég hef áhuga á náminu í þessum áfanga	Haustönn	Vorönn
Mjög sammála	20 (22%)	9 (15%)
Frekar sammála	25 (27%)	25 (42%)
Hvorki ósammála né sammála	23 (25%)	14 (23%)
Frekar ósammála	12 (13%)	7 (12%)
Mjög ósammála	11 (12%)	5 (8%)

Verkefni í áfanganum eru fjölbreytt	Haustönn	Vorönn
Mjög sammála	25 (27%)	13 (22%)
Frekar sammála	39 (43%)	23 (38%)
Hvorki ósammála né sammála	20 (22%)	17 (28%)
Frekar ósammála	5 (5%)	5 (8%)
Mjög ósammála	2 (2%)	2 (3%)

Kennarar eru nær alltaf til staðar	Haustönn	Vorönn
Mjög sammála	15 (17%)	10 (17%)
Frekar sammála	26 (29%)	29 (49%)
Hvorki ósammála né sammála	24 (27%)	11 (19%)
Frekar ósammála	18 (20%)	6 (10%)
Mjög ósammála	6 (7%)	3 (5%)

Þeir þættir sem mest ánægja er með samkvæmt þessum niðurstöðum á haustönn og yfir 70% nemenda (sem gæti verið ákjósanlegt markmið) segjast mjög eða frekar ánægðir með eru: Hvernig Moodle nýtist, framkoma kennara, verkefnalýsingar aðgengilegar, námsefni fjölbreytt, nóg af verkefnum, nemendur hvattir til sjálfstæðra vinnubragða, símat betra en próf og verkefni fjölbreytt. Þá ná nokkrir þættir yfir 60% ánægju, þ.e. góð líðan í áfanganum, auðvelt að leita til kennara, frelsi í verkefnavali innan ákveðins ramma, þjálfun í hópvinnu, hópvinnan hæfileg og námsaðferðir vel heppnaðar.

Tölurnar benda hins vegar til þess að nemendur fái nokkuð misvísandi skilaboð frá kennurum, áfanginn sé ekki nógu vel skipulagður, fyrirmæli kennara ekki nógu skýr og kennarar séu ekki alltaf til staðar.

Opnu spurningarnar endurspeglar tölurnar að einhverju leyti. Jákvæðir þættir sem nemendur bentu á voru helst eftirfarandi: Fjölbreytni, sjálfstæði, símat, læra að gera ritgerðir, góðir fyrirlestrar, góðir kennarar, gagnleg hópvinna. Neikvæðir þættir eru að kennarar séu ekki sammála um útfærslu og mat á verkefnum, álag of mikið, of mörg verkefni í einu, of langar lotur, erfitt að finna kennara og skipulag mætti vera meira.

Lítum næst á áfangakönnun á vorönn 2012. Í niðurstöðum má sjá að nú skora aðeins fjórir þættir yfir 70% á ánægjuvöginni á móti átta á haustönn. Þetta eru aðgengilegar verkefnalýsingar, nóg af verkefnum, nemendur hvattir til sjálfstæðra vinnubragða og símat betra en próf. Hins vegar má taka með í reikninginn að fáeinar breytingar urðu á spurningalistanum milli anna í samráði við kennara Íslandsáfanga.

Gagnrýni nemenda á vorönn beinist einkum að skipulagi kennslustunda, of miklu álagi, of litlu næði til að vinna verkefni, of mörg verkefni í gangi á sama tíma, fyrirmæli kennara ekki

nógu skýr og stundum misvísandi. Hins vegar virðist auðveldara að ná til kennara á vorönn, 66% segja kennara nær alltaf til staðar á móti 46% á haustönn. Lesendur geta svo rýnt nánar í þessar tölur en niðurstöður vorannar eru birtar hér á eftir.

Í opnu spurningunum í vorannarkönnunni kveður við svipaðan tón en nú kemur inn samanburður á milli Nát- og Sam-áfanga og nefna nokkrir að annar áfanginn sé skemmtilegri eða betri en hinn. Jákvæðir þættir sem oftast eru nefndir eru skemmtilegir tímar, fjölbreytt verkefni, kennarar skemmtilegir, kennarar nær alltaf til staðar, Moodle gagnlegt, gaman að framkvæma hlutina, skemmtileg ferð. Neikvæðir þættir eru allt of mörg verkefni í gangi á sama tíma, ekki nægur tími fyrir verkefni, sumir óvirkir í hópunum, mætti skipuleggja verkefni betur, minnka hópvinnu, lítill tími með hverjum kennara - of ör skipti.

Gæðahringir Íslandsáfanga

Til að meta gæði þjónustu er oft notast við svokallaða rýnihópa eða gæðahringi. Slíkt hefur gefið góða raun, ekki síst þegar verið er að kanna viðhorf. Sjálfsmatsnefnd tók mið af þessari matsaðferð við mat á Íslandsáfanga. Þá fékk matsmaður (kennari) hálfan bekk í spjall og orðið var látið ganga hringinn. Hver nemandi gat lagt orð í belg og kennari skráði samræðurnar. Fyrst voru jákvæðir þættir ræddir og síðan var farinn annar hringur þar sem spurt var um það sem betur mætti fara. Einnig voru almennar umræður í lokin. Sjálfsmatsnefnd fékk niðurstöðurnar til frekari úrvinnslu en farnir voru gæðahringir bæði á haust- og vorönn og tekin úrtök úr NÁT-hluta (náttúrufræði) og SAM-hluta (samfélagsfræði).

Hér hafa helstu niðurstöður verið teknar saman og skiptingu milli NÁT og SAM er haldið til að hægt sé að bera hópana saman.

Haustönn, október 2011

Jákvæðir þættir sem helst voru nefndir í NÁT-bekkjum:

Sjálfstæð vinnubrögð
Fjölbreyttur áfangi
Fjölbreytni í verkefnum
Gott að þurfa að leita sjálfur, bera ábyrgð
Læra að vinna í hóp
Læra að búa til ritgerðir
Góðir kennarar

Neikvæðir þættir sem helst voru nefndir:

Loturnar of langar
Of langir fyrirlestrar
Ókyrrð, tölvuleikir, meðan fyrirlestrar eru
Kennarar mismunandi
Vantar bækur og venjuleg próf
Skipulag hópvinnu þarf að laga

Nemendur telja nokkuð einróma kostina vega þyngra en gallana. Flestir lofuðu fjölbreytnina, í áfanganum sjálfum, kennsluaðferðum og verkefnum. Æfing í sjálfstæðum vinnubrögðum

taldist mikill kostur og rímar það vel við markmið áfangans. Þrátt fyrir almenna ánægju með nýstárlegan áfanga þar sem hefðbundin kennsla er brotin upp og samþætt og ekki er stórt lokapróf fundu nokkrir að þessu fyrirkomulagi en kvartanir snerust flestar um tímalengd á lotum og einstaka fyrirlestrum.

Jákvæðir þættir sem helst voru nefndir í SAM-bekkjum:

Gott að vinna sjálfstætt
Mikil fjölbreytni
Lærum mikið í tímum
Hópvinnan skemmtileg
Góður tími til að vinna verkefni
Gott að hafa símat

Neikvæðir þættir sem helst voru nefndir:

Of langar lotur (4 tímar í einu)
Of mörg verkefni í einu
Vantar málfræði
Ruglandi að hafa marga kennara
Of miklar kröfur í vinnuskýrslum
Mikið heimanám
Vantar meiri aga

Nemendur töldu almennt kosti áfangans vega þyngra en galla. Eins og sjá má eru niðurstöður mjög svipaðar og hjá NÁT-hlutanum en hér er meira kvartað yfir verkefnaálagi.

Vorönn, mars 2012

Jákvætt, NÁT-bekkir:

14 nefna frumkvæði, sjálfstæði og ábyrgð á námi
11 nefna fjölbreytni í námi og kennslu
10 nefna að skipulag sé betra í NÁT en SAM, skýrari markmið, jafnara álag, meira aðhald, meiri skóli
5 nefna fög og að þeir læri eitthvað gagnlegt í þeim
2 nefna kosti hópinnu
2 nefna góða kennara

Neikvætt:

11 nefna kennarana, of margir, ósamstiga, ekki til staðar
5 segjast vera útundan, einangruð (á bara við um 1.I)
3 nefna að skipulag sé ekki nógu gott
3 segja of mikið að gera/of mörg verkefni í einu
3 nefna lata hópfélaga

Í NÁT-hópnum var greinilega almenn viðurkenning á því að hér væri markvissara og skipulagðara (hefðbundnara) nám en í SAM þótt síðarnefndi áfanginn hefði kannski verið skemmtilegri að mati nokkurra. Sjálfstæðið og ábyrgðin skora hátt en kennarar eru greinilega

ekki alltaf þar sem nemendur vilja hafa þá. Skipulag virðist gott og aðhald meira og fáir kvarta yfir verkefnaálagi.

Jákvætt, SAM-bekkir:

12 tala um góða tíma, skemmtilega tíma, skemmtilegri en í NÁT
 11 nefna góða kennara
 2 tala um minni pressu, rólegra yfirbragð

Neikvætt:

17 nefna of mikið álag, of mörg verkefni í einu
 7 segja að vanti meiri kennslu (flestar nefna íslensku)
 5 kvarta yfir skipulagi verkefna

Nemendur í SAM telja gallana vega heldur þyngra en kostina, sérstaklega vegna álagsins því þau hafa ekki undan og þótt kennararnir séu góðir og tímarnir skemmtilegir þá hafa sumir áhyggjur af því að læra ekki nóg, að grunnurinn fyrir framhaldið sé ekki nógu traustur.

Í heild má segja að niðurstöður rími nokkuð vel við áfangakannanir en hér fengu nemendur tækifæri til að skiptast á skoðunum og rökstyðja þær. Ekki er mikill munur á NÁT og SAM, hóparnir nefna iðulega sömu kosti og galla en SAM hópurinn kvartar mun meira yfir verkefnaálagi.

Könnun meðal foreldra ólögráða nemenda

Í mars 2012 var send út könnun til foreldra ólögráða nemenda, yngri en 18 ára, en þeir voru 218 talsins á þessum tíma. Alls voru sendar út 652 kannanir og svöruðu 219 eða 33%. Helstu niðurstöður eru eftirfarandi:

Mæður voru í meirihluta þeirra sem svöruðu könnuninni, 138 mæður og 59 feður svöruðu. Foreldrar í sameiningu svöruðu 19 sinnum og einungis voru tveir svarendur sem voru skráðir aðrir forráðamenn. Ekki einungis svara mæður könnuninni frekar en feður heldur er mun oftast svarað fyrir dætur heldur en syni, en hlutfall ólögráða nemenda í skólanum er um það bil sex stúlkur á móti hverjum fjórum drengjum. Yfir 70% barna þeirra foreldra sem svöruðu búa á Akureyri og á Eyjafjarðarsvæðinu, í foreldrahúsum eða hjá ættingjum. 26% barnanna búa utan Eyjafjarðar og er það sama hlutfall og var skráð sem búseta nemenda á heimavist.

Það er ánægjulegt að sjá að 90% foreldra bera traust til skólans, en á hinn bóginn er áhyggjuefni að sjá að 10% eru annað hvort hvorki sammála né ósammála eða frekar ósammála því.

Þá er einnig ánægjulegt að sjá að meirihluti foreldra segist þekkja reglur skólans og telja að skólinn fylgi þeim eftir.

Mikill meirihluti foreldra telur miðannarmatið bæði gagnlegt fyrir sig sem foreldri og barnið sjálf, og full ástæða samkvæmt þessari niðurstöðu að halda því áfram. Allir vænta þess að barnið sitt standi sig vel í skólanum og þegar spurt var hvort foreldrar teldu að skólinn stuðli

almennt að góðum árangri nemenda voru flestir á þeirri skoðun að svo væri. Hins vegar voru 10% foreldra hvorki sammála né ósammála þessari spurningu og 3% frekar ósammála sem vekur upp frekari spurningar af hverju þeir telji svo vera.

Ein af opnu spurningunum sem boðið var upp á var varðandi hvað betur mætti fara og getur hún að einhverju leiti svarað því, en 75 athugasemdir komu við þessa spurningu. Flestar athugasemdirnar snérust um áhyggjur/óánægju foreldra varðandi álag í stærðfræði, kennsluhætti og viðhorf kennara í garð nemenda. Tekið skal fram að búið var að bregðast við þessu áður en könnunin var lögð fyrir, en mikið fall og ábendingar frá nemendum urðu til þess að kennsluáætlun og kennsluhættir voru tekin til endurskoðunar og munu þær breytingar koma til framkvæmda haustið 2012. Aðrar athugasemdir foreldra varðandi þessa spurningu snérust m.a. um áhyggjur þeirra varðandi félagslíf og óreglu sem því fylgdi, að upplýsingar og samskipti milli kennara, stjórnenda, nemenda og foreldra gæti verið betra, að gera þurfi greinamun á veikindum/skráðum leyfum og skrópi í mætingarkerfinu og að námsmat og kennsluáðferðir mættu vera fjölbreyttari. Svör foreldra við spurningunni um hvort viðkomandi væri sáttur við reglur um mætingu skiptust þannig að rúm 80% voru sáttir, 5% var frekar ósammála, 2% mjög ósammála og 11% hvorki sammála né ósammála.

Miklum meirihluta foreldra finnst mikilvægt að barn sitt taki þátt í félagslífi skólans, en 92% eru því mjög eða frekar sammála, 8% hvorki sammála né ósammála og enginn ósammála.

Þegar spurt var um áhyggjur foreldra af líðan barns míns í skólanum svara 67% því til að þeir séu ekki áhyggjufullir, 16% hvorki áhyggjulausir né áhyggjufullir og 22% frekar eða mjög áhyggjufullir. Hér hefði þurft að láta fylgja með opna spurningu til að fá markvissari svör hvað það er sem foreldrar hafa áhyggjur af til að hægt væri að bregðast við.

Boðið var upp á opna spurningu þar sem foreldrum var boðið upp á að koma með tillögur um hvað forvarnastefna skólans á að snúast. Margir nefndu fleiri en eitt atriði og voru tillögurnar flokkaðar gróflega í eftirfarandi 6 flokka: 70 ábendingar voru um að forvarnir ættu að snúast um vímuefni/vímuefnavarnir, 42 tilgreindu forvarnir sem beindust að sjálfsmynd nemenda, siðferði, líðan og samskiptum, 27 nefndu að þær ættu að snúast almennt um heilbrigðan lífstíl, 12 nefndu kynhegðun/kynlíf, 7 nefndu fræðslu án þess að greina það frekar niður og 6 nefndu forvarnir um tölvunotkun.

Foreldrum var einnig boðið upp á í opinni spurningu að koma einhverju á framfæri varðandi einstaka námsgrein og komu 87 athugasemdir. 57 athugasemdir voru um stærðfræðina sem endurspeglar einnig svörin við spurningunni hvað betur mætti fara eins og greint er frá hér að ofan. Íslandsáfanginn var einnig gagnrýndur en 9 neikvæðar athugasemdir komu um námsmat, hópavinnu, samræmi milli kennara og skipulag. Íslandsáfanginn er nýr í nýrri námskrá og í stöðugri þróun og endurskoðun, og hafa kennarar áfangans fengið athugasemdirnar afhentar til skoðunar. Örfáir nefndu að enskan væri erfið og of miklar kröfur gerðar þar. Einnig kom athugasemd um að ferill raungreinasviðs væri illa skipulagður og endaði í tómunum valgreinum. Aðrar athugasemdir sem fram komu eru að huga þurfi að námsmati almennt, fylgjast þurfi vel með nemendum og breyta þurfi skólaárinu svo eitthvað sé nefnt, en 39% vilja halda skólaári MA í núverandi mynd, 36% vilja hafa það í samræmi við aðra framhaldsskóla og 24% eru óviss. Flestum þykir próftíðin hæfilega löng eða 76% og fleiri eru á því að hún sé of löng heldur en of stutt.

Rúm 30% ólöggráða nemenda vinnur með skóla, ýmist um helgar, á kvöldin eða bæði. Ekki var spurt um hvort foreldrar teldu að þessi vinna hefði áhrif á árangur barns síns en 84% foreldra

telja að barn sitt sinni heimanámi sínu.

Einungis tæplega helmingur foreldra fylgist með starfi FORMA (foreldrafélag MA) sem sýnir ekki mikinn áhuga á að starfa með foreldrafélaginu. 20% foreldra fylgjast oft með heimasíðu skólans, 44% stundum og 34% sjaldan eða aldrei. Heldur fleiri fylgjast með einkunnum og mætingu barns síns með því að nota upplýsingakerfið Innu eða 29% oft, 44% stundum og 26% sjaldan eða aldrei.

Af þeim sem svöruðu könnuninni höfðu 47% haft samband við umsjónarkennara barns síns, 25% við námsráðgjafa, 20% við stjórnendur og 8% við fagkennara. Í kjölfar þessarar spurningar fylgdi með opin spurning um hvers vegna/hvers vegna ekki haft var samband við skólann og hvort það hafi verið gagnlegt. Alls bárust 127 svör við þessari spurningu. 21 sagði að það hefði ekki verið gagnlegt að hafa samband við skólann og ástæðan fyrir því væri ýmist vegna þess að þeim hafi ekki verið svarað eða ekkert gert með það sem þau sögðu. 106 sögðu það hafa verið gagnlegt að hafa samband (eða að einhverju leyti), þeir hefðu fengið úrlausn mála og samskiptin aukið skilning á erindi þeirra. Nokkrir óska eftir því að skólinn hafi meira samband að fyrra bragði til að upplýsa foreldra um gengi barns þeirra ef ekki er allt með felldu. Mjög mikilvægt er að öllum erindum sem berast til skólans hvort sem það er til fagkennara, umsjónarkennara, námsráðgjafa eða stjórnenda sé svarað og fylgt eftir.

Af þeim foreldrum sem mættu á kynningardag nýnema töldu 90% þeirra hann gagnlegan. Þeir sem ekki mættu skýrðu flestir fjarveru sína annaðhvort með því að þeir hefðu um of langan veg að fara, hefðu mætt áður eða hefðu ekki haft tíma.

Við opnu spurningunni sem foreldrum var boðið upp á að nefna eitthvað jákvætt í skólastarfinu bárust mörg svör og margir nefndu fleiri en eitt atriði. Svörin voru flokkuð gróflega saman og eru þau helstu eftirfarandi: 27 lýstu ánægju sinni yfir góðum skóla og almennri ánægju, 18 yfir Íslandsáfanganum, 17 yfir félagslífi skólans, 7 yfir umsjónarkennurum, 6 yfir bekkjarkerfi skólans og 5 yfir áfengislausum skemmtunum á vegum skólans, góðum kennurum, gömlum hefðum og metnaðarfullum skóla, og 3 yfir heilsueflandi skóla og stoðtímum í stærðfræði á vegum fjórðu bekkinga.

Skífurit með upplýsingum um svör við öllum spurningum könnunarinnar er að finna í viðauka A, en ekki eru birt svör við opnu spurningunum önnur en þau sem tekin eru saman hér að framan.

Endurskoðun á sjálfsmati Menntaskólans á Akureyri

Í skólasamningi 2010 – 2012 sem er samningur milli mennta- og menningarmálaráðuneytis og Menntaskólans á Akureyri er kveðið á um hvað skuli vera helstu áherslur í starfsemi skólans og önnur atriði sem snerta þjónustu og rekstur skólans. Í öðrum lið, Áherslur, Nám í meginmarkmiði 1 segir: „Skólaárið 2011-2012 verður unnið betur að því að tengja sjálfsmat skólans betur við grunnþætti náms og markmið skólans (þ.e. skólasýnina og markmið námssviðanna). Sótt var um styrk í verkefnasjóð skólasamninga til þess að vinna að þessu verkefni.“ Í fjórða lið um stjórnun er þetta ítrekað en einnig tekið fram að skólinn skuli setja fram mælanleg markmið eða árangursmælikvarða til að gera matið skilvirkara. Þá er vikið að lýðræðislegu sjálfsmati til að gera það „aftur hluta af formlegu sjálfsmati skólans.“

Haustið 2011 fékk MA 900 þúsund króna styrk frá verkefnasjóðnum vegna sjálfsmatsvinnu. Sólveig Zophoníasdóttir frá HA var fengin sem ráðgjafi við endurskoðun sjálfsmatsins. Lokaskýrsla Hins og þessa ehf. kom svo út í október og var þá farið yfir úrbótatillögur, þær metnar og forgangsraðað.

Á fundi sjálfsmatsnefndar 4. október var ákveðið að reyna að tengja matið betur við grunnþætti náms og skólasýn, töluleg og viðhorfstengd markmið og lýðræðislegt mat. Á kennarafundi 7. október voru störf og áætlun sjálfsmats kynnt. Tillaga um að halda skriflegar fundargerðir af greinafundum fékk dræmar undirtektir vegna þess að engir námsgreinstjórar eru til þess að rita fundargerðir. Nú hafa verið ráðnir fagstjórar og í starfslýsingu þeirra eru þeir ábyrgir fyrir fundargerðum eftir námsgreinafundum.

Upplýsingar á heimasíðu um sjálfsmatið voru settar inn. Engar upplýsingar umfram skýrslur og starfsáætlun voru á síðunni um sjálfsmatið. Því var mikilvægt að koma fram með mikilvægar grunnupplýsingar um „sjálfsögd“ atriði sem liggja til grundvallar sjálfsmatshefðum skólans en voru hvergi formlega settar fram á einum stað.

Drög að gátlista um matsþætti og umsjón eru í vinnslu og verður væntanlega lokið haustið 2012.

Sólveig fór yfir spurningalista í áfangakönnunum og gerði tillögur um tengingu einstakra spurninga við aðalnámskrá, hæfnimarkmið, skólasýn og skólanámskrá. Þær voru samþykktar og henni falið að tengja spurningar við siðareglur kennara þar sem það á við.

Kynningarfyrirlestur um jafningjastuðning var fluttur á þorrastefnu 2012 af Birnu Svanbjörnsdóttur frá HA. Honum var ætlað að vera kveikja að markvissara samstarfi milli kennara og þannig mögulega nýtt upphaf á lýðræðislegu sjálfsmati hjá einhverjum þeirra. Ígrundun kennara á eigin kennslu er mjög mikilvæg leið við starfsþróun og umræða kennara um eigin störf og annarra gott innlegg þar í.

Sólveig mætti á alls sex fundum nefndarinnar, 4. október, 15. nóvember, 6. desember, 21. febrúar, 17. apríl og 24. maí og var í miklum tölvasamskiptum vegna undirbúnings og eftirfylgni. Skýrsla Sólveigar er í heild sinni í viðauka B.

Árangursmælikvarðar

Kvarðar og árangur í greinum fengu nokkra umfjöllun. Sjálfsmatsnefnd fannst umræða og mat þeirra hluta helst eiga heima í deildunum sjálfum. Stjórnendum MA var að lokum sent erindi um efnið og þeir beðnir að fylgja því eftir. Sólveig Zophoníasdóttir kom svo með tillögur að mögulegum umræðugrunni þessa ferlis. Anna Sigríður brautarstjóri félagsfræðibrautar kom á fund sjálfsmatsnefndar til skrafs og ráðagerða og er stefnt var að brautarfundum í febrúar 2012 til að tengja saman niðurstöður úr áfangamati og prófum. Brautarstjóri tekur saman þessar upplýsingar og væntanlega geta deildir notað þær við skýrslugerð og uppgjör á markmiðum áfanga. Hins vegar er það á ábyrgð sjálfsmatsnefndar að ganga eftir því að þetta sé gert og koma ábendingum til sviðs- og fagstjóra um uppgjör á áföngum.

Lýðræðislegt sjálfsmat

Eins og sagði hér að ofan var sú skylda lögð á skólann í skólasamningi að gera lýðræðislegt sjálfsmat aftur hluta af formlegu sjálfsmati skólans. Aðalhindrunin við að koma því á að nýju hefur verið að ekki hafa fengist ábyrðarmenn innan greina og deilda til þess að standa að matinu. Nú hafa verið ráðnir sex fagstjórar og í starfslýsingu þeirra er ákvæði um lýðræðislegt sjálfsmat. Fyrsti liðurinn í því er að fagstjórar haldi fundagerðir og komi þeim áfram til sjálfsmatsnefndar svo vinna megi úr þeim en í fundargerðum greina og deilda ætti að koma fram um þróunarstarf ýmist sem kennarar eru að vinna að þótt hljótt fari. Stefnt er að sameiginlegum fundi fagstjóra og sjálfsmatsnefndar haustið 2012 til þess að koma þessu formlega af stað og mun fulltrúi miðstöðvar skólaþróunar HA vera með sem faglegur ráðgjafi.

Brotthvarf nemenda eftir skólaárið 2010 – 2011

Skrifstofustjóri, Þorbjörg Þorsteinsdóttir tók saman brotthvarf nemenda MA skólaárið 2010 – 2011. Alls hófu 231 nám í 1. bekk 2010. Af þeim héldu 195 áfram námi við MA í 2. bekk haustið 2011. Við þann hóp bættust sex nemendur, m.a. skiptinemar þannig að talan var 201. Af þessum 36 sem hurfu frá námi við MA eftir 1. bekk voru tveir sem er ekki vitað hvort héldu áfram námi. en 24 nemendur féllu og fluttu sig um skóla. Aðrir fóru sem skiptinemar, stóðust próf en fóru í annan skóla eða aftur í 1. bekk.

Brotthvarf nemenda eftir 2. bekk 2010 – 2011 er umhugsunarvert. Haustið 2010 hefur 191 nemandi nám við MA í öðrum bekk en 39 nemendur hafa heltst úr lestinni haustið 2011 í upphafi 3. bekkjar en þar skila sér 163 nemendur, 152 úr 2. bekk voru áður og ellefu bætast við. Í brotthvarfshópnum (39 nemendur) eru fjórir sem ekki er vitað hvort héldu áfram námi, 18 sem falla og fara í annan skóla, 11 sem standast próf en flytja sig, fimm fara sem skiptinemar og einn endurtekur bekkinn. Í 1. og 2. bekk eru því sex brotthvarfnemendur (fara ekki í skóla) en 75 sem fara annað (brotthvarfsnemar), þar af átta skiptinemar sem margir skila sér til baka. Það eru sem sagt þrjár til fjórar bekksgagnir (náms hópar) að tynast á einu námsári úr Menntaskólanum á Akureyri eftir þetta eina skólaár.

Úrbætur

Sátt um skipan í sjálfsmatsnefnd er mjög mikilvæg til þess að hún njóti traust sem flestra. Þrjár leiðir eru til þess að skipa í nefndina: Að skólastjórnendur skipi alla nefndarmenn, að kosið sé um hluta eða alla nefndarmanna á starfsmannafundi í opnum kosningum eða að einstakir starfshópar tilnefni sinn fulltrúa í nefndina. Þess þarf þó að gæta að í nefndinni séu á hverjum tíma einhverjir sem þekkja til matsins og þeirra hefða sem hér hafa verið varðandi það. Þá má spyrja um aðkomu nemenda að sjálfsmati MA og hvort fulltrúi þeirra eigi erindi á fundi sjálfsmatsnefndar, að minnsta kosti um einstök mál.

Úrbætur sem vinna þarf að strax

Markmið MA samkvæmt gildandi samningi milli skóla og ráðuneytis er að nemendur sem telja sig hafa áhuga á efni einstakra áfanga fari ekki undir 70% í áfangakönnunum. Svörun í þessum könnunum var frekar dræm og hæpið að draga afgerandi ályktanir af þeim þess vegna.

- Við greiningu á svörum úr áfangakönnunum í félagsfræðigreinum koma ýmsar athugasemdir varðandi nám og kennslu. Sjálfsmatsnefnd telur að ef lýðræðislega sjálfsmatið verði virkt á ný megi koma til móts við gagnrýnisraddir. Það er mikilvægt að fagstjórar og kennarar fari yfir niðurstöður og skoði hvað megi betur fara.
- Lýðræðislega sjálfsmatið þarf að fara sem fyrst í gang aftur. Mikilvægt er að fagstjórar virki kennara til þess að meta vel afmarkaða þætti sem nýtast við kennsluskipulag. Mikilvægt er að fundargerðir faggreinafunda séu ritaðar og geymdar á aðgengilegu formi.
- Íslandsáfangar eru á rétttri leið samkvæmt áfangakönnunum og gæðahringjum. Mikilvægt er að halda góðu skipulagi á vinnu nemenda og gæta að álag verði ekki of mikið þegar mörg verkefni eru í gangi á sama tíma.
- Fylgjast þarf með að áður tilgreindar úrbætur í stærðfræðikennslu sem fara á í haust nái tilætluðum árangri og jafni álag á nemendur.
- Í foreldrarkönnun kom fram að foreldrar eru sumir uggandi um líðan barna sinna í skólanum. Námsráðgjafar hafa fylgst með líðan nemenda og reyna að bregðast við þeim málum sem upp koma. Brýnt er að kennarar og starfsfólk fylgist með nemendum og komi nauðsynlegum ábendingum til námsráðgjafa, umsjónarkennara eða þeirra sem málið varðar.
- Mikilvægt er að kennarar svari tölvupósti foreldra ólögráða nemenda og vísi erindum áfram ef þarf.
- Fara þarf yfir spurningalista í könnunum og reyna að átta sig á hvar opnar spurningar geta veitt nákvæmari svör er einfaldar fullyrðingar gera.

Næstu skref í sjálfsmatinu

Útbúa þarf áætlun um sjálfsmat til ársins og næstu þriggja ára.

Ganga þarf frá matsáætlun og koma henni á vef skólans. Matsáætlunin er langt komin en ýmsar tækniútfærslur þarfnast frekari skoðunar.

Gera þarf áfangakannanir í tungumálum haust og vor.

Hlýða þarf á starfsfólk vegna námskrárbreytinga og nemendur 3. bekkjar.

Ljúka þarf endurskoðun á sjálfsmatsaðferðum MA.

Lokaorð

Talsvert mikil vinna og langar fundarsetur einkenndu starf sjálfsmatsnefndar þetta skólaárið. Viðamikil endurskoðun á tilhögun sjálfsmatsins var unnin samhliða ýmsu mati á nýrri námskrá auk þess að fylgjast með gengi nemenda í eldra kerfi. Það er mikilvægt að foreldrar þekki til starfa skólans og geti komið með ábendingar um betra skólastarf. Það er líka mikilvægt að starfsfólk meti sjálft sín störf, komi með úrbætur og þrói þannig starf sitt og nemenda. Menntaskólinn á Akureyri á að vera í fremstu röð framhaldsskóla og vel ígrundað sjálfsmat mikilvægt aðhald svo það markmið náist.

Viðauki A


Könnun meðal foreldra ólögráða nemenda

Töflur og myndrit

Viðauki. Skífurit með upplýsingum um svör við öllum spurningum könnunar foreldra ólögráða nemenda.


Hver svarar:

Móðir	Faðir	Foreldrar í sameiningu	Annar forráðamaður
138 (63%)	59 (27%)	19 (9%)	2 (1%)




Lögheimili nemanda:

Akureyri	Eyjafjarðarsvæðið (utan Akureyrar)	Utan Eyjafjarðar
121 (56%)	39 (18%)	55 (26%)




Búseta barns á skólatíma:

Hjá foreldrum	Hjá ættingjum	Á heimavist	Í leiguhúsnæði	Annað
146 (67%)	10 (5%)	57 (26%)	4 (2%)	1 (0%)




Bekkur nemanda:

1. bekkur	2. bekkur	3. bekkur
116 (53%)	88 (40%)	14 (6%)




Nemandinn er:

Stúlka	Piltur
138 (64%)	79 (36%)




Vinnur nemandinn með skóla?

Um helgar	Virka daga (kvöld)	Virka daga og helgar	Nei
45 (21%)	7 (3%)	24 (11%)	139 (65%)




Sinnir nemandinn heimanámi?

Aldrei (nánast aldrei)	Stundum	Oft	Veit það ekki
1 (0%)	29 (13%)	183 (84%)	4 (2%)




Á að breyta skólaári MA til samræmis við aðra framhaldsskóla?

Já Nei Óviss
 79 (36%) 85 (39%) 53 (24%)




Próftíð í MA er:

Of löng Hæfileg Of stutt Óviss
 18 (8%) 164 (76%) 4 (2%) 30 (14%)




Fylgist þú með starfi FORMA (foreldrafélag MA)?

Já Nei
 105 (49%) 111 (51%)




Hefur þú haft samband við:

Umsjónarkennara Fagkennara Námsráðgjafa Stjórnendur
 102 (47%) 18 (8%) 53 (25%) 42 (20%)




Ég nota upplýsingakerfið Innu til að fylgjast með einkunnum og mætingum barns míns.

Oft Stundum Sjaldan Aldrei
 63 (29%) 96 (44%) 44 (20%) 13 (6%)




Ég fylgist með heimasíðu skólans.

Oft Stundum Sjaldan Aldrei
 44 (20%) 100 (45%) 53 (24%) 23 (10%)




Mér fannst miðannarmatið gagnast barninu mínu við námið.

Mjög sammála	Frekar sammála	Hvorki sammála né ósammála	Frekar ósammála	Mjög ósammála
76 (35%)	101 (47%)	36 (17%)	2 (1%)	1 (0%)




Miðannarmat hefur upplýsingagildi fyrir mig sem forráðamaður.

Mjög sammála	Frekar sammála	Hvorki sammála né ósammála	Frekar ósammála	Mjög ósammála
113 (53%)	89 (42%)	9 (4%)	2 (1%)	0 (0%)




Mér finnst mikilvægt að barn mitt taki þátt í félagslífi skólans.

Mjög sammála	Frekar sammála	Hvorki sammála né ósammála	Frekar ósammála	Mjög ósammála
113 (53%)	83 (39%)	17 (8%)	0 (0%)	0 (0%)




Ég álit að skólinn stuðli almennt að góðum árangri nemenda.

Mjög sammála	Frekar sammála	Hvorki sammála né ósammála	Frekar ósammála	Mjög ósammála
75 (35%)	110 (51%)	22 (10%)	7 (3%)	0 (0%)




Ég vænti þess að barnið mitt standi sig vel í skólanum.

Mjög sammála	Frekar sammála	Hvorki sammála né ósammála	Frekar ósammála	Mjög ósammála
153 (71%)	63 (29%)	1 (0%)	0 (0%)	0 (0%)




Ég hef áhyggjur af líðan barns míns í skólanum.

Mjög sammála	Frekar sammála	Hvorki sammála né ósammála	Frekar ósammála	Mjög ósammála
13 (6%)	34 (16%)	34 (16%)	70 (32%)	65 (30%)



Ég er sátt(ur) við reglur um mætingar.


Mjög sammála	Frekar sammála	Hvorki sammála né ósammála	Frekar ósammála	Mjög ósammála
83 (39%)	94 (44%)	23 (11%)	11 (5%)	4 (2%)



Kynningardagur skólans fyrir forráðamenn nýnema var gagnlegur (þeir sem ekki mættu sleppa þessari).


Mjög sammála	Frekar sammála	Hvorki sammála né ósammála	Frekar ósammála	Mjög ósammála

72 (55%) 46 (35%) 13 (10%) 0 (0%) 0 (0%)




Ef þú mættir ekki á kynningardaginn, hver var þá ástæðan?

Hef mætt áður Hafði ekki tíma Um langan veg að fara Taldi ekki þörf á því Hafði ekki áhuga
 30 (31%) 21 (21%) 32 (33%) 9 (9%) 6 (6%)




Ég þekki reglur skólans.

Mjög sammála	Frekar sammála	Hvorki sammála né ósammála	Frekar ósammála	Mjög ósammála
31 (14%)	124 (57%)	49 (23%)	9 (4%)	4 (2%)




Skólinn fylgir skólareglum eftir.

Mjög sammála	Frekar sammála	Hvorki sammála né ósammála	Frekar ósammála	Mjög ósammála
42 (20%)	101 (48%)	68 (32%)	0 (0%)	1 (0%)



Ég hef traust á skólanum.

Mjög sammála	Frekar sammála	Hvorki sammála né ósammála	Frekar ósammála	Mjög ósammála
108 (50%)	86 (40%)	17 (8%)	4 (2%)	0 (0%)



Viðauki B

Ráðgjöf um innra mat

Skýrsla ráðgjafa Miðstöðvar skólaþróunar við Háskólann á Akureyri, 15. júní 2012